

Ljósmynd: Sverrir Thorstensen

Vel sést móta fyrir bænum Lónsgerði. / The ruins of the farm Lónsgerði can still be seen.



Eyðibýlið Lónsgerði - Desolate farm of Lónsgerði

Kotbýlið Lónsgerði, Óskarsgerði, fór í eyði árið 1931. Áfram var þó dvalið þar á stríðsárunum og búskapur hélst nokkuð lengur. Búskapur á býlinu mun þó alltaf hafa verið í smáum stíl og ábúendur ekki dvalið lengi á staðnum í senn samkvæmt ábúendatali. Bæjarhúsin hafa verið smá í sniðum og samkvæmt virðingabók Brunabótasjóðs Glæsibæjarhrepps 1918 samanstóðu þau af baðstofu, búrhúsi, eldhúsi, bæjardyrum, geymslukofa og hesthúsi. Túngæðin hafa ekki verið góð þar sem mýrlendi og grjótlendi er mikið. Enn sést móta fyrir húsatóftunum eins og sjá má á ljósmyndinni hér fyrir ofan.

The farm of Lónsgerði or Óskarsgerði was abandoned in the year 1931. According to public records most of its inhabitants did not resite for a long time at the farm. The reason probably being limited and poor pastures. The ruins of the farm can still be seen today as the photo above portrays.